

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Hákoni Guðmundssyni hæstaréttarritara og Halldóri Jónssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Helga Kristjánssyni, kr. 31.538.22 auk 7% ársvaxta frá 10. okt. 1961 til greiðsludags og kr. 5.650.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1966.

**Nr. 75/1964. Utanríkisráðherra og
Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**
(Niels P. Sigurðsson hdl.)
gegn
Þorsteini Brandssyni (Haukur Jónsson hrl.).

Dómenndur:
hæstaréttardómaramenn Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kaupgjald. Ábyrgð rikissjóðs á kaupgjaldi starfsmanns í þjónustu varnarliðsins.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. marz 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1964. Krefst hann sýknu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem er vélstjóri að mennt, réðst hinn 12. apríl

1957 til starfa hjá varnarliði Bandaríkjanna á Íslandi. Hinn 1. janúar 1958 varð hann fyrir slysi og var af þeim sökum óvinnufær til 15. júní s. á. Hann telur sig eiga á veikindatímanum rétt til þeirra launa, sem mönnum með hans mennt eru greidd í veikindum samkvæmt samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkur frá 7. marz 1957. Er eigi ágreiningur um, að launin, reiknuð samkvæmt launareglum Reykjavíkurborgar, eru þau, sem í héraðsdómi greinir. Varnarliðið hefur neitað að greiða honum þessi veikindalaun, þar sem íslenszk stjórnvöld höfðu eigi tilkynnt varnarliðinu á þeim tíma, er stefndi varð frá vinnu vegna slyssins, að mönnum með hans mennt og í hans starfa bæri slík laun, þá er þeir væru óvinnufærir vegna veikinda. Hefur stefndi því beint kröfu sinni á hendur íslenszka ríkinu, enda verður varnarliðið eigi sótt til greiðslu fyrir íslenskum dómstólum.

Samkvæmt 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, skal ráðning íslenskra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna „framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu skulu fara að íslenskum lögum og venjum.“ Af þessum reglum og úrlendisrétti varnarliðsins leiðir að leggja verður á áfrýjanda gagnvart stefnda ábyrgð á því, að yfirstjórn varnarliðsins bærust eigi á réttum tíma fullnægjandi skýrslur um ráðningarkjör þeirra manna, er vinna fyrir íslenszka aðilja sams konar störf sem stefndi vann fyrir varnarliðið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstrétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Þorsteini Brandssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóvember 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Þorsteinn Brandsson vélstjóri, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 16. marz 1962, á hendur utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 20.758.36 auk 7% ársvaxta frá 15. júní 1958 til 22. febrúar 1960 og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavöxtum er lýst svo í stefnu:

Stefnandi, sem hefur full réttindi sem vélstjóri samkvæmt íslenskum lögum, var fastráðinn hjá varnarliði Bandaríkjanna á Íslandi á árinu 1957. Hinn 1. janúar 1958 veiktist hann og var af þeim sökum óvinnufær til 15. júní s. á., en þá kom hann aftur til vinnu sinnar hjá varnarliðinu og starfaði áfram sem vélstjóri. Eftir að stefnandi kom aftur til vinnu sinnar, reyndi hann að fá greitt kaup fyrir veikindadaga þá, sem hann taldi sig eiga rétt á, en það bar ekki annan árangur en þann, að varnarliðið greiddi honum í desemberlok kr. 2.621.13, sem það taldi sig þó greiða umfram skyldu. Þegar greiðsla fékkst ekki með samkomulagi, höfðaði stefnandi mál fyrir aukadómpingi Keflavíkurflugvallar gegn yfirmanni varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi fyrir hönd varnarliðsins til greiðslu á framangreindri fjárhæð. Af hálfu varnarliðsins var krafizt frávísunar málsins á þeirri forsendu, að ríkisstjórn Bandaríkjanna Norður-Ameríku verði ekki sótt til saka fyrir íslenskum dómstólum. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði aukadómpings Keflavíkurflugvallar, en sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp hinn 4. október 1961, var frávísunarkrafan tekin til greina. Í dómi Hæstaréttar segir m. a., að lög nr. 110/1951 hafi eigi að geyma ákvæði, sem ráða megi af, að her stjórnn Bandaríkjanna Norður-Ameríku á Íslandi skuli hlíta lögsögu ís-

lenskra dómstóla um skipti sín við aðilja hér á landi og eigi sé fyrir hendi að alþjóðalögum regla, sem selji herstjórnina undir lögsögu íslenskra dómstóla um skipti sín við menn, er hún ræður hér til starfa. Stefnandi höfðaði síðan mál það, sem hér er til úrlausnar, á hendur utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að varnarliðið hafi að lögum leyfi til að hafa hér á landi atvinnurekstur og til að ráða íslenska menn í sína þjónustu, enda hlíti það íslenskum lögum og reglum um ráðningu manna og gangist undir að greiða það kaup, sem íslenskir atvinnurekendur greiði, og láta þá að öðru leyti sæta sömu kjörum. Telur stefnandi, að hann eigi rétt á því sem íslenskur þegn, búsettur hér á landi, að lagður verði efnislega dómur á mál hans af íslenskum dómstólum og honum verði tryggður sá réttur, sem hann telur sig eiga á hendur varnarliði Bandaríkjanna hér á landi. Telur stefnandi, að réttur hans sem íslensks þegns sé skertur á ólögmætan hátt með því að ganga svo frá samningi við erlent ríki, að hann geti ekki náð rétti sínum gegn því fyrir íslenskum dómstólum. Heldur stefnandi fram, að íslenska ríkið beri ábyrgð á tjóni hans af þessum sökum og sé því bótaskyld um þá fjárhæð, sem hann hefði getað unnið úr hendi hins erlenda aðilja, varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi, með dómi. Þá er því og haldið fram af stefnanda, að ráðningar manna til starfa hjá varnarliðinu hafi farið fram fyrir milligöngu opinberra íslenskra aðilja og að kjör slíkra manna fari eftir upplýsingum þeim, sem opinberir íslenskir aðiljar gefi varnarliðinu. Hafi þeir átt að sjá um, að ráðningarkjör færu eftir íslenskum lögum og reglum. Því hljóti misskilningur fyrirsvarsmanna varnarliðsins, sem leitt hafi til þess, að hann hafi ekki fengið greidd laun fyrir veikindadaga þá, sem hann krefur um í máli þessu, að stafa af mistökum opinberra íslenskra starfsmanna, en á slíkum mistökum beri stefndu ábyrgð. Byggir stefnandi á því, að kjör hans hafi átt að vera hin sömu og fastir starfsmenn Reykjavíkurbæjar höfðu samkvæmt reglugerð um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, en í 11. gr. hennar séu þau ákvæði um veikindadaga, sem hann byggir kröfur sínar á. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að hann eigi rétt á fullum launum mánuðina janúar, febrúar og marz, kr. 5.174.56 á mánuði eða kr. 15.523.35 í þrjá mánuði. Þá telur stefnandi sig eiga rétt á hálfum launum mánuðina apríl og maí, eða þ. e. kr. 5.174.56 fyrir þá tvo mánuði, og einnig hálfum launum fyrir

hálfan júnímánuð, þ. e. kr. 1.358.29, enda hafi laun hækkað um 5% hinn 1. júní. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 22.056.09. Þá reiknar stefnandi sér 6% orlof af fjárhæð þessari, þ. e. kr. 1.323.40, og nemur heildarkrafa hans fyrir tíma þann, sem hann var frá vinnu, kr. 23.379.49. Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið kr. 2.621.13, sem varnarliðið greiddi honum í lok desembermánaðar 1961. Samkvæmt því nemur hin endanlega dómkrafa stefnanda kr. 20.758.36.

Í málinu er fram komið af hálfu stefnanda, að hann hafi afhent yfirmanni sínum læknisvottorð til staðfestu veikindum sínum. Einnig liggur frammi vottorð Bjarna Jónssonar læknis, dags. 19. maí 1958, þess efnis, að stefnandi hafi hlotið brot á vinstri lærleggshálsi og verið heima frá 7. maí, en fram að þeim tíma mun hann hafa verið á sjúkrahúsi.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið ráðinn samkvæmt kjörum þeim, er hann byggir kröfur sínar á, og hafi hann því ekki sýnt fram á, að hann eigi nokkra kröfu á hendur varnarliði Bandaríkjanna hér á landi. Í greinargerð stefndu kemur fram, að varnarliðið sjálft muni aldrei hafa gerzt aðili að samningum íslenskra verkalyðsfélaga um kaup og kjör. Hins vegar hafi verið sett á fót svonefnd kaupskrárnefnd með frjálsu samkomulagi vinnuveitenda og verkalyðsfélaga og muni sú nefnd hafa gert tillögur til varnarliðsins um kaup og kjör þeirra verkamanna og iðnlærðra verkamanna, sem á Keflavíkurflugvelli hafi unnið. Nefnd þessi hafi því ekki að lögum haft neinn rétt til að ákveða kaup þessara starfsmanna og hafi varnarliðið heldur ekki verið bundið við ákvarðanir þessarar nefndar. Af hálfu stefndu er því mótmælt, að stefnandi geti byggt rétt sinn til greiðslu launa fyrir veikindadaga á ákvæðum reglugerðar um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar. Sú reglugerð sé ekki samningur um kaup og kjör í skilningi 6. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur, heldur einhliða reglugerð, sem gildi aðeins fyrir starfsmenn, er vinni hjá Reykjavíkurborg, og geti varnarliðið ekki verið bundið við hana á nokkurn hátt. Þá er á það bent af hálfu stefndu, að varnarliðinu hafi ekki verið kunnugt um umrædda reglugerð, fyrr en kaupskrárnefnd hafi ritað því bréf hinn 27. maí 1959, löngu eftir að stefnandi hafi orðið fyrir slysi því, sem áður getur. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að það álit kaupskrárnefndar, sem komi fram í bréfi hennar til umboðsmanns stefnanda hinn 21. marz 1961, að ákvæði nefndrar reglugerðar um

veikindadaga og uppsagnarfrest hafi átt að gilda um kjör vélstjóra, sem starfað hafi hjá varnarliðinu, sé ekki bindandi fyrir þá. Af hálfu stefndu er því mótmælt í greinargerð þeirra sem rökstuðningi fyrir kröfum stefnanda á hendur stefndu, að svo hafi verið gengið frá samningum um dvöl varnarliðsins hér á landi, að íslenskir aðiljar geti ekki náð rétti sínum gegn varnarliðinu fyrir íslenskum dómstólum. Er því haldið fram, að íslenska ríkisstjórnin hafi ekki í þessu máli eða öðrum komið í veg fyrir, að þeir, sem telja sig eiga kröfur á hendur varnarliðinu, geti ekki náð rétti sínum. Þvert á móti sé svo fyrir mælt í lögum, að slíkir menn geti höfðað skaðabótamál beint gegn íslenska ríkinu, eins og stefnandi hafi gert í máli þessu. Við munnlegan flutning málsins var því hins vegar haldið fram af hálfu stefndu, að íslenska ríkið beri ekki ábyrgð á samningsrofum aðilja, sem eigi lúti lögsögu íslenskra dómstóla (ex territorial), enda samrýmist annað ekki íslenskum lögum og alþjóðalögum. Þá sé og á það að líta, að í viðbótarsamningi um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 111/1951, hafi íslenska ríkið tekið á sig ábyrgð á skaðabótaskyldum verkum liðs Bandaríkjanna utan samninga. Frá ákvæði þessu beri að gagnálykta, að íslenska ríkið taki ekki á sig ábyrgð á greiðslu skaðabóta vegna vanefnda á samningum, sem þeir geri við íslenska aðilja. Samkvæmt þessum röksemdum var því hadlið fram af hálfu stefndu við munnlegan flutning málsins, að sýkna beri þá vegna aðildarskorts.

Ekki verður fallið á það með stefndu, að samkvæmt gagnályktun frá 2. tl. 12. gr. viðbætis við varnarsamninginn beri sökum aðildarskorts að sýkna þá af kröfum stefnanda, enda er krafa stefnanda m.a. á því byggð, að það hafi verið vegna mistaka íslenskra stjórnvalda, að hann hafi ekki náð þeim rétti úr hendi varnarliðsins, sem hann er nú að heimta úr hendi þeirra.

Í 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sem hlotið hefur lagagildi með lögum nr. 110/1951, segir svo:

„Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenska borgara, eftir því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þennan. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að samþykkja ráðningu íslenskra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launa-

uppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenzkum lögum og venjum.“ Samkvæmt þessu ákvæði kemur fram, að ráðningum varnarliðsins á íslenzkum starfsmönnum er ekki ætlað að fara fram á frjálsum vinnumarkaði. Hefur og varnarliðið ekki gerzt aðili að samningum íslenzkra verkalýðsfélaga um kaup og kjör. Skömmu eftir komu varnarliðsins hingað til lands var sett á stofn kaupskrárnefnd. Mun tilgangur með stofnun hennar hafa verið sá að láta varnarliðinu í té upplýsingar um, hver ráðningarkjör og vinnuskilyrði íslenzkir starfsmenn, sem varnarliðið kynni að ráða í þjónustu sína, skyldu hafa í samræmi við framangreint ákvæði 4. tl. 5. gr. viðbætisins við varnarsamninginn. Samkvæmt áðurgreindu ákvæði viðbætis við varnarsamninginn verður að telja, að nefnd þessi hafi verið stofnuð að fyrirmælum íslenzkra stjórnvalda og starfað með umboði frá þeim. Þer varnarliðinu að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um kjör starfsmanna, er starfa í þágu þess. Á árinu 1954 var gefin út að tilhlutan kaupskrárnefndar kaupskrá um launakjör íslenzkra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Er kaupskrá þessi miðuð við gildandi kaup og kjarasamninga stéttarfélaga og vinnuveitenda hinn 2. marz 1954 svo og launalög og viðurkenndar starfs- og kjarareglur. Í kaupskrá þessari er ákvæði um tíma-kaup vélstjóra, og er því skipað í kafla með launum verkamanna við almenna vinnu svo og annarra starfsgreina, þar sem iðnréttinda mun ekki krafizt. Í kafla þessum er svofellt ákvæði: „Slasist verkamaður vegna vinnu eða flutninga til og frá vinnustað, skal hann halda óskertu kaupi eigi skemur en 7 virka daga. Verði ágreiningur um bótaskyldu vinnuveitenda, skal farið eftir því, hvort slysatrygging ríkisins telur skylt að greiða bætur vegna slyssins.“

Í sérstökum kafla í kaupskránni eru ákvæði um laun ýmissa iðnlærðra starfsmanna, t. d. flugvélavirkja, vélsmiða og bifvéla-virkja. Hafa ákvæðin um ýmsar starfsgreinar þessar að geyma sérákvæði um skyldu vinnuveitenda til að greiða starfsmanni laun í slysa- og sjúkdómstilfellum, sem orsakast við vinnuna eða af henni. Ekki er þar að finna ákvæði um vélstjóra. Í almennum ákvæðum kaupskrárinnar er ekki að finna ákvæði um skyldu vinnuveitenda til að greiða starfsmanni laun, á meðan hann er frá vinnu vegna veikinda.

Í bréfi, sem kaupskrárnefnd ritaði lögmanni hinn 21. marz 1961, segir svo:

„1. Þegar kaupskrárnefnd var í upphafi, í október 1952, beðin að taka saman skrá yfir kaup og kjör íslenzkra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli, var henni send skrá yfir allar starfsstéttir, sem þá unnu hjá Varnarliðinu þar.

Þá var engra upplýsinga æst um kaup og kjör vélstjóra með vélstjóráskólaprófi, heldur einungis um launakjör vélgæzlumanna (diesel operators).

Í fyrstu kaupskrá kaupskrárnefndar, sem afhent var Varnarmálanefnd til birtingar fyrir Varnarliðinu í nóvember 1952, voru því einungis birt kjör vélgæzlumanna og skýrt fram tekið, að þau væru miðuð við taxta vélgæzlumanna í frystihúsum.

Í fjölrituðu kaupskránni frá 14. febrúar 1953 var þessi taxti tekinn upp og tekið fram, að önnur kjaraákvæði vélgæzlumanna skyldu vera þau sömu og hjá verkamönnum.

Í prentuðu kaupskránni, sem gefin var út í marzmánuði 1954, er enn um engan annan taxta vélgæzlumanna að ræða en þann, sem getið er hér að framan og tekinn er upp úr samningum Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.

2. Í ágústmánuði 1955 var kaupskrárnefnd beðin að láta Varnarliðinu í té upplýsingar um kaup vélstjóra, er ætti að annast gæzlu og viðhald á vélum í rafstöð Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Starfslýsing fylgdi, og segir þar m. a. um kröfur þær, sem gerðar eru til umrædds vélstjóra:

„Prerequisites: Knowledge of electric principles and physics is mandatory. Knowledge of internal combustion engines, gasoline and diesel is required. Interpretation of technical orders, blue prints, and schematic drawings is necessity. Experience in functions such as repair or maintenance of electrical power production equipment is mandatory.“

Nefndin sneri sér strax til yfirmanns verkfræðideildar Rafmagnsveitu Reykjavíkur, hr. yfirverkfræðings Jakobs Guðjohnsen, og leitaði álits hans um laun slíks vélstjóra. Með bréfi til nefndarinnar, dags. 6. ágúst 1955, gaf hann nefndinni upp laun vélstjóra hjá Sogsvirkjuninni, bæði bein laun og umreiknuð húsnæðishlunnindi. Þessi launakjör voru svo birt í bréfi kaupskrárnefndar til Varnarliðsins, dags. 19. ágúst 1955.

Að sjálfsögðu voru laun þessi samkvæmt launasamþykkt Reykjavíkurbæjar, og giltu því ákvæði hennar um veikindadaga og uppsagnarfrest vélstjóra hér engu síður en sjálf launakjörin,

enda naumast hægt að ætla, að launin ein skyldu fara eftir launasamþykkt Reykjavíkur, en önnur kjör eftir Dagsbrúnarsamningum.

3. Það er á misskilningi byggt, að umræddir vélstjórar hafi fyrst öðlzt rétt til veikindadaga með bréfi kaupskrárnefndar til Varnarliðsins, dags. 27. maí 1959.

Hið rétta er, að það bréf er einungis svarbréf við bréfi Varnarliðsins til Varnarmálanefndar, dags. 14. maí 1959, þar sem beðið var um upplýsingar um kaup vélstjóra við dieselvélar í rafstöð Varnarliðsins og þá sérstaklega um útreikning á álagi á vaktir.

Með bréfi, dags. 23. marz 1959, vakti kaupskrárnefnd, að gefnu tilefni, athygli Varnarliðsins á því, að kaup vélstjóra hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hefði hækkað hinn 1. september 1958, en við það kaup væri kaup vélstjóra við dieselvélar í rafstöð Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli miðað. Í þessu bréfi er engan veginn sagt, að umræddir vélstjórar hafi þá fyrst öðlzt rétt til veikindadaga, heldur aðeins vakin athygli á, að laun vélstjóranna hafi átt að hækka 1. september 1958.“

Hinn 23. marz 1959 hafði kaupskrárnefnd ritað varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins bréf. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Að gefnu tilefni vill Kaupskrárnefnd geta þess, að hinn 1. september 1958 hækkaði kaup vélstjóra hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en við það kaup er kaup vélstjóra við dieselvélar í rafstöð Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli miðað. Frá þeim tíma er grunnkaup vélstjóranna kr. 3.339.00 á mánuði. Með vísitölu 175 stigum verður mánaðarkaupið kr. 5.843.00. Vinni vélstjórar vaktavinnu á tímabilinu milli kl. 2100—0800, fá þeir hverja klukkustund greidda með 33% álagi á dagvinnukaup, sem er nú = 5.843.00

160

Kaupskrárnefnd væntir þess, að ofangreind tilkynning verði birt réttum aðiljum svo fljótt sem verða má.“

Hinn 26. maí 1959 hafði kaupskrárnefnd ritað varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins bréf, og segir í því svo meðal annars:

„Í framhaldi af bréfi sínu um kaup og kjör ofangreindra starfsmanna, dags. 23. marz s.l., vill Kaupskrárnefnd taka fram eftirfarandi:

1. Mánaðarkaup vélstjóranna, sem birt var í bréfi nefndar-

innar, dags. 23. marz s.l., miðast við 48 klukkustunda vinnuviku.

2. Næturálag, kr. 6.89 í grunn á klst., eða kr. 12.06 á klst. miðað við vísitölu 175 stig, skal greiða fyrir þann tíma vakta, sem staðinn er á tímanum frá kl. 2100—0800. Heildarkaup vélstjóranna pr. klukkustund á tímabilinu frá kl. 2100—0800 miðað við gildandi vísitölu reiknast þannig út: 3339.00 (grunnkaup pr. mánuð) : $160 = 20.87 + 33\%$ (6.89) = 27.76×175 (vísit.) = kr. 48.58.

3. Aukavinna skal greidd með eftirgreindu tímakaupi. Eftirvinna kr. 54.79 (miðað við vísitölu 175 stig). Nætur- og helgidagavinna kr. 73.05 (miðað við vísitölu 175 stig).

4. Vélstjórum skal gefinn kostur á lífeyristillagi þannig, að vinnuveitandi greiði 6% af hverjum unnum tíma, miðað við dagvinnukaup, og haldi jafnframt eftir 4% af launum hans og greiði hvorutveggja til Vélstjórafélags Íslands. Vélstjórafélag Íslands skal heimta lífeyringreiðslur þessar úr hendi vinnuveitanda vegna vélstjóra þeirra, sem hér kunna að eiga hlut að máli.

5. Vélstjórar skulu hafa einn frídag í viku.

6. Helgidagavinna telst frá kl. 1700 á laugardögum til kl. 0800 á mánudögum.

7. Yfirvinna skal því aðeins greidd, að hlutaðeigandi vélstjóri hafi áður skilað fullum mánaðarstundafjölda.

8. Ef vélstjóri veikist og getur ekki af þeim sökum sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna yfirboðara sínum það, en hann ákveður, hvort læknisvottorðs skuli krafizt. Vottorð skal vera frá trúnaðarlækni, ef þess er óskað.

9. Vélstjóri, sem verið hefur skemur en 6 mánuði í starfi, skal eiga rétt til óskertra launa í 30 veikindadaga og hálfra launa í 30 daga.

Hafi vélstjóri verið lengur en 6 mánuði í starfi, skal hann halda fullum launum svo lengi sem veikindadagar hans verða eigi fleiri en 90 á 12 mánuðum. Ef þeir hafa verið fleiri, lækka launin um helming þann tíma, sem umfram er. Þegar vélstjóri hefur verið fjarverandi í 180 daga á 12 mánuðum, fellur launagreiðsla niður.

Nú hefur vélstjóri verið frá störfum vegna veikinda tvö ár í röð með fullum launum þá dagatölu, sem hann samkvæmt síðustu málsgrein nýtur óskertra launa, og skerðast þá um helming næstu 4 ár hlunnindi þau, er hann á samkvæmt þeirri málsgrein um greiðslur í veikindaforföllum.

10. Vélstjórar skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum.

11. Uppsagnarfrestur, sem er gagnkvæmur, skal vera 3 mánuðir.

Kaupskrárnefnd væntir þess, að ofangreind tilkynning verði birt réttum aðiljum svo fljótt sem verða má.“

Er bréf kaupskrárnefndarinnar var ritað, voru tveir nefndarmanna hinir sömu og tekið höfðu þátt í samningu kaupskrárinnar frá 1954. Það verður því að telja, samkvæmt því sem fram kemur í bréfum þessum, að þegar í ágúst 1955 hafi ætlun nefndarinnar verið sú, að vélstjórar, sem gengdu störfum þeim, er stefnandi hafði með höndum, skyldu hafa kjör, er í verulegum atriðum byggðust á samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, þar á meðal, að vélstjórar þeir, sem hér um ræðir, skyldu hafa rétt til launa í veikindaförföllum, eins og segir í 9. tl. bréfs kaupskrárnefndarinnar frá 26. maí 1959, en sams konar ákvæði var í reglugerð um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, er í gildi gekk 1. janúar 1957. Reglugerðin hefur að geyma önnur ákvæði um starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu Reykjavíkurbæjar í 7 ár eða lengur, en þeirra er ekki getið í greindu bréfi kaupskrárnefndarinnar. Verður því að telja, að kjör þau, sem tilgreind eru í bréfi kaupskrárnefndarinnar frá 26. maí 1959, hafi átt að gilda um vélstjóra, er gengdu sama starfi og stefnandi, frá því er nefndin gaf álit um laun þessara vélstjóra með bréfi sínu hinn 19. ágúst 1955, þótt eigi verði séð, að nefndin hafi tilkynnt varnarliðinu önnur kjaraákvæði en launin. Það þykir því verða að telja, að íslensk stjórnvöld beri ábyrgð á þeim réttarmissi, er stafar af því, að þau ákvæði um kjör vélstjóra, sem kaupskrárnefndin birti í bréfi sínu hinn 26. maí 1959, voru eigi gerð kunn þegar hinn 19. ágúst 1955, svo að varnarliðið gæti þá þegar beitt þeim, enda verður að telja, að varnarliðinu hafi borið að fara eftir slíkri tilkynningu.

Í bréfi kaupskrárnefndarinnar frá 26. maí 1959 er ekki getið sérstaklega um rétt vélstjóra til launa, á meðan þeir eru fjarverandi frá störfum vegna slysa. Ekki hefur reglugerð um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar að geyma sérstök ákvæði um þetta. Verður að telja, að ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar taki einnig til slíkra forfalla.

Verður stefndu því gert að greiða stefnanda fjárhæð, er nemur launum hans fyrir veikindadaga þá, sem hann krefur um í

máli þessu, þ. e. full laun í þrjá mánuði og hálf laun í tvo og hálfan mánuð.

Af hálfu stefndu hefur fjárhæð stefnukröfunnar ekki verið mótmælt sérstaklega að öðru leyti en því, að mótmælt er, að varnarliðið sé skuldbundið til að greiða verðlagsuppbót á laun. Samkvæmt íslenskum lögum bar að greiða uppbót á laun samkvæmt kaupgjaldsvísitölu á þeim tíma, sem hér um ræðir. Samkvæmt ákvæði kaupskrárinnar frá 1954 er gert ráð fyrir, að við útreikning launa sé reiknað með réttmætri kaupgjaldsvísitölu á hverjum tíma. Í ársbyrjun 1958 voru laun greidd samkvæmt kaupgjaldsvísitölu 183 og var svo þar til hinn 1. september, að kaupgjaldsvísitalan hækkaði í 185 stig. Hinn 1. júní 1958 hækkuðu grunnlaun um 5%. Í ársbyrjun 1958 voru grunnlaun stefnanda kr. 2.797.00, og hækkuðu þau í kr. 2.936.85 hinn 1. júní. Laun fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz með kaupgjaldsvísitölu 183 nema kr. 15.355.53. Hálf laun fyrir mánuðina apríl og maí með sömu kaupgjaldsvísitölu nema kr. 5.118.51, og hálf laun fyrir hálfan júnímánuð með sömu kaupgjaldsvísitölu nema kr. 1.343.61. Samkvæmt þessu nema laun stefnanda fyrir veikindaforföll hans í 5½ mánuð kr. 21.817.65. Þá þykir stefnandi eiga rétt á 6% í orlofsfé af fjárhæð þessari, þ. e. kr. 1.309.06. Nema þá laun og orlofsfé fyrir umrætt tímabil samtals kr. 23.126.71. Frá þessari fjárhæð ber að draga kr. 2.621.13, sem varnarliðið greiddi stefnanda, að því er það taldi umfram skyldu. Kemur þá fram fjárhæðin kr. 20.505.58, sem stefndu verður gert að greiða stefnanda ásamt vöxtum, er reiknast 6% frá 15. júní 1958 til 22. febrúar 1960, 8% frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% frá þeim degi til greiðsludags. Þá þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.400.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Brandssyni, kr. 20.505.58 auk 6% ársvaxta frá 15. júní 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember s. á. og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.400.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.